

LÖG

um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda,
nr. 64 16. desember 1943.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: Einnig skal þar birta reglur sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að gefa út.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Þorsteinn Pálsson.

24. maí 1994

Nr. 96

LÖG

um ráðstafanir til að stuðla að stækkun
atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum
í kjölfar samdráttar í þorskafli.

FORSETI ÍSLANDS

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á árinu 1994 er ríkissjóði heimilt að veita Byggðastofnun sérstakt framlag að fjárhæð allt að 300 millj. kr. til að standa straum af víkjandi lánum til sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem vilja sameinast og til að styðja nýjungar í atvinnulífi, sbr. 5. gr.

Framlag skv. 1. mgr. skal greitt eftir því sem víkjandi lán skv. 2. gr. eru samþykkt.

2. gr.

Þar sem sveitarfélög verða sameinuð á Vestfjörðum er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum, sem ætla að sameinast, víkjandi lán. Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum.

3. gr.

Forsenda fyrir lánveitingu samkvæmt lögum þessum er að sérstakur starfshópur, sem forsætisráðherra skipar, hafi gert tillögu um afgreiðslu á lánsúmsóknum viðkomandi fyrir-tækja. Í starfshópnum skulu vera fjórir menn, einn tilnefndur af Bygðastofnun, einn til-nefndur af fjármálaráðherra, einn tilnefndur af félagsmálaráðherra og einn skipar forsætis-ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður starfshópsins. Starfshópurinn ræður sér til aðstoðar rekstrarráðgjafa. Kostnaður vegna vinnu starfshópsins og rekstrarráðgjafa greið-ist af framangreindum 300 millj. kr.

Starfshópurinn skal við umfjöllun um lánsúmsóknir hafa náð samráð við eigendur fyrir-tækja og stærstu kröfuhafa þeirra. Starfshópurinn skal stuðla að samkomulagi þessara aðila um nauðsynlega endurskipulagningu á rekstri hins sameinaða fyrirtækis. Að því loknu ákveður starfshópurinn hvort gera skuli tillögu til stjórnar Bygðastofnunar um lánveitingu. Stjórn Bygðastofnunar samþykkir eða synjar lánveitingar á grundvelli tillagna starfshóps-ins.

Samþykki stjórn Bygðastofnunar tillögu starfshópsins um lánveitingu óskar hún eftir því við fjármálaráðuneytið að fá jafnhátt framlag skv. 1. gr.

4. gr.

Víkjandi lán samkvæmt lögum þessum skulu vera verðtryggð. Lánin skulu enga vexti bera fyrstu þrjú árin. Eftir það skulu lánin bera 5% vexti.

Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu þrjú árin. Næstu þrjú ár skal einungis greiða vexti. Á næstu 10 árum skal greiða höfuðstól, vexti og verðbætur, enda ná skuldarar að fullnægja skilyrðum sem Bygðastofnun setur um víkjandi afborganir, þar sem m.a. er kveðið á um hagnaðar- og eiginfjárkröfur. Ef fyrirtæki fullnægir ekki þessum skilyrðum færist greiðsla hvers árs eitt ár aftur fyrir lánstímann.

5. gr.

Af framlagi ríkissjóðs skv. 1. gr. er Bygðastofnun heimilt að veita 15 millj. kr. til að styðja við nýjungar í atvinnumálum á Vestfjörðum sem auka fjölbreytni atvinnulífs.

6. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.